

Ar 1980, föstudaginn 5. desember, var í málinu nr. 19/1980
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ó u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 29. september 1980,
kærði Ingiberg Magnússon út af álagningu fasteignaskatts á fasteignina
Gilsbakka í landi Vatnsenda við Elliðavatn. Í bréfi þessu segir meðal
annars:

„Ég hef búið hér á Gilsbakka ásamt fjölskyldu minni í 2 ár. Þessa
búsetu hafa bæjaryfirvöld lagt blesun sína yfir með því að leggja á
okkur útsvar og önnur gjöld sem þegnum ber að greiða, enda höfum við
hér okkar lögheimili og hvergi annars staðar. Þess má enn fremur geta
að 2 fjölskyldur höfðu búið hér allt árið á undan okkur, önnur í 4 ár
hin í 2 ár.


Húsið Gilsbakki sem upprunalega var reist sem sumarbústaður fyrir
um það bil 60 árum stendur á 3000 m^2 eignarlandi við Elliðavatn og
eins og sjá má á meðfylgjandi ljósriti hefur Landnám ríkisins viðurkennt
Gilsbakka sem lögbýli.

Prátt fyrir þetta líta yfirlögd bæjarins svo á, að hér sé um summar-
bústað að ræða og leggja á fasteignagjöld samkvæmt þeim reglum sem þar
um gilda, 1.15% af fasteignamati. Þessu vil ég ekki una og hef farið
fram á að fasteignagjöld á Gilsbakka verði lögð á samkvæmt sömu reglum
og á önnur íbúðarhús. Því hafa bæjaryfirvöld alfaríð neitað.“


Samkvæmt ofangreindum upplýsingum ber að skattleggja umrædda fast-
eigná grundvelli a-liðs 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna
sveitarfélaga, þar sem um er að ræða íbúðarhús ásamt lóðarréttindum í
skilningi nefnds ákvæðis.

Ú R S K U R D A R O R D :

Fasteignina Gilsbakka í landi Vatnsenda við Elliðavatn ber að
skattleggja til fasteignaskatts á grundvelli a-liðs 2. mgr. 3. gr. laga
nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.


Gaukur Jörundsson

Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon

Réttu útskrift staðfestir:

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

